

# UM NÁMSEFNIÐ

Fatahönnun fyrir grunnskóla er vefnámsefni ætlað nemendum á unglingastigi grunnskóla. Náms-efnið er kynning, verkefni og fróðleikur um fatahönnun. Þar er því lýst í grófum dráttum hvernig fatahönnuður vinnur og út frá hvaða forsendum. Nemendur fá innsýn í það hvernig fatahönnuður undirbýr sig, hvað hann þarf að gera og hvernig. Þar er ferlið sem fer í gang hverju sinni útskýrt fyrir nemendum og hvað er gott fyrir þá að hafa í huga við fatahönnun sína. Vinnuferlið er svo útskýrt nánar með því að fylgjast með verki frá hugmynd til afurðar. Auðvelt getur verið að lesa sér til um hvernig á að gera hlutina, það sem reynist svo oft erfiðara er að framkvæma, þá sérstaklega þegar verkið er krefjandi og skapandi. Þess vegna birtir ein síðan yfirlit yfir vinnuferli frá höfundi og fá nemendur þannig innsýn í hvernig hugmynd verður að fullunnu verki.

Í verkefnakaflanum eru svo verkefni fyrir nemendurna, þar geta þeir í samráði við kennara sína valið sér verkefni sem þeim finnst spennandi að vinna með.

Í kaflanum til kennarans er að finna upplýsingar um hvernig best er að nýta námsefnið og einnig kennsluleiðbeiningar með verkefnunum fyrir nemendur.

Á vefnum er velt vöngum yfir því hvað felst í hugtakinu tíska, hvernig tíska verður til, hvernig er hægt að fylgjast með henni og hvað er að gerast í tískuheiminum. Nemendur eru ávallt minntir á að mynda sér sínar eigin skoðanir við lesturinn og það er gert með því að skjóta inn krefjandi spurningum af og til.

Drepið er á sögu tískunnar á 20. öld til þess að nemendur geri sér grein fyrir þróuninni þar en þeim bent á að leita sér upplýsinga í bókinni *Tíska* eftir Gertrude Lehnert í þýðingu Fríðar Ólafsdóttur og nýta sér netið til þess að fræðast enn meira.

Námsefni þetta er ætlað til kynningar og áhugavaka fyrir grunnskólanemendur á þessari list- og starfsgrein.

*Góða skemmtun!*

Senda höfundi póst